



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**573. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. febrúar 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Einar Þorsteinsson, Orri Vignir Hlöðversson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010

Framhald umræðu um stöðu viðræðna vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans.

Gestir

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar

Dagur B. Eggertsson

Þróstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf.

Þorsteinn Hermannsson forstöðumaður þróunar hjá Betri samgöngum ohf.

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps kemur á fundinn.

2. Sóknaðaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 - 1906002

Framhald frá umræðum 571. fundar og vinnufundar stjórnar SSH sem fram fór 29. janúar 2024.

Framkvæmdastjóri kynnir tillögur að útfærslum og ráðstöfun fjármagns til áhersluverkefna sóknaráætlunar árið 2024 á grundvelli stefnu sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri

Niðurstaða:

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka vinnslu tillagna um áhersluverkefni sóknaráætlunar með tilliti til umræðna fundarins og leggja þær fyrir stýrihóp



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Stjórnarráðsins um byggðamál. Að lokinni meðferð stýrihópsins verði endanleg áætlun lögð fram.

3. **Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2021 - 2112008**

Svæðisskipulagsstjóri kynnir afurðir verkefnis um útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, sem var eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar 2022. Um er að ræða gerð korts sem sýnir vinsælustu útivistarsvæðin á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2023 skv. íbúakönnun sem var unnin fyrir SSH.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri

Niðurstaða:

Skrifstofa SSH mun senda erindi til aðildarsveitarfélaga SSH um verkefnið og þeim sveitarfélögum sem þess óska verður boðin sérstök kynning á afurðum þess.

Lagt fram til kynningar

4. **Framtíðarstaðsetning skotíprótta - 2303014**

Fyrirliggjandi er erindi borgarstjórnar Reykjavíkur um að stofnaður verði starfshópur á vettvangi Svæðisskipulagsnefndar í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hafi það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíprótta. Gerð er tillaga um að formanni svæðisskipulagsnefndar verði falið að vinna áfram að málinu, þ.á.m. að vinna hagaðilagreiningu, ræða við fleiri sveitarfélög og aðra hagaðila og skoða raunhæfi þess að nefndin komi að skipan slíks starfshóps um málið og yrðu niðurstöður kynntar fyrir nefndinni þegar þær liggja fyrir. Svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri

Niðurstaða:

Stjórn felur Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að vinna áfram að málinu með það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíprótta.

5. **Höfuðborgarstefna - 2011001**

Innviðaráðherra setti á árinu 2022 á fót starfshóp á grundvelli aðgerðar C.4 Borgarstefna í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, um að mótuð yrði höfuðborgarstefna sem skilgreini hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar og stuðli að aukinni alþjóðlegri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og hins vegar hlutverk og uppbyggingu Akureyrar sem svæðisborgar sem geti boðið upp á aukna fjölbreytni í þjónustu, menningu og atvinnutækifærum. Framkvæmdastjóri kynnir drög að umræðuskjali vegna höfuðborgarstefnu sem eru fyrirliggjandi til kynningar.

Niðurstaða:

Haldinn verður kynningar- og umræðufundur, "örfundur", fyrir kjörna fulltrúa á vettvangi SSH um verkefnið og fyrirliggjandi drög að höfuðborgarstefnu.

Lagt fram til kynningar



6. Tilnefning fulltrúa í minjaráð Reykjaness - 2401013

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 22. janúar 2024 þar sem óskað er eftir því að SSH og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefni sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara í minjaráð Reykjaness, en gert er í reglugerð ráð fyrir því að landshlutasamtök innan sama minjasvæðis sammælist um tilnefningu. Minjasvæði Reykjaness nær yfir eftirfarandi sveitarfélög: Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Sveitarfélagið Voga, Garðabæ og Hafnarfjarðarkaupstað. Fulltrúar eru skipaðir til fjögurra ára í senn af þremur aðilum: Sambandi sveitarfélaga á minjasvæðinu sem tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns, Safnaráð sem tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Minjastofnun Íslands sem tilnefnir tvo auk tveggja varamanna. Skipulagsstjóri Garðabæjar er nú aðalmaður í ráðinu, og bæjarminjavörður Hafnarfjarðarbæjar varamaður en þeir eru báðir tilnefndir af Minjastofnun.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram með Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og móta tillögur að sameiginlegri tilnefningu.

7. Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur - Sóknaráætlun 2022 - 2208004

Fyrirliggjandi er Áætlun um landnotkun - lokaskýrsla. Skýrslan er afrakstur vinnslu áhersluverkefnis sóknaráætlunar 2022 „Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur“. Markmiðið var að kanna kosti þess að ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu setji fram og semji um heildstæða framtíðarsýn í málaflokkum landnotkunar, húsnæðis og samgangna, að finnski fyrirmynd. Svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Svæðisskipulagsnefnd fundargerðir - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 122. fundar Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, dags. 8. desember 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 123. fundar Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, dags. 12. janúar 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - fundargerðir - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 35. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, dags. 7. september 2023.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 36. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, dags. 14. september 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 37. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, dags. 12. október 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 38. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, dags. 7. desember 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 39. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu, dags. 18. janúar 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 91. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 2. október 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 92. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 4. desember 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 93. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 22. janúar 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Önnur mál - 2110011

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hefur óskað eftir fundi með stjórn SSH og er lagt til að framkvæmdastjóra verði falið að undirbúa slíkan fund í samráði við embætti lögreglustjóra.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.